

REGLUGERÐ

um kjölfestuvatn.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir að framandi lífverur og meinvaldar, svo sem veirur og sýklar, berist með kjölfestuvatni til hafsvæða og stranda umhverfis Ísland með því að takmarka losun þess.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um skip sem eiga leið um mengunarlögsögu Íslands sem og skip á leið til og frá höfn á Íslandi.

Reglugerðin gildir ekki um fiskiskip sem eru ekki hönnuð eða smíðuð til að nota kjölfestuvatn.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu sem hér greinir:

BWM-samningur: Alþjóðasamningur um stjórnun og meðhöndlun á kjölfestuvatni skipa og botnfalli í því (*International Convention for the Control and Management of Ships' Ballast Water and Sediments*).

Framandi lífvera: Lífvera sem hefur borist inn á nýtt búsvæði af mannavöldum, hvort sem er af ásetningi, fyrir tilviljun eða af slysi.

Hafnarsvæði: Umráðasvæði á sjó og landi sem hafnaryfirvöld á hverjum stað annast og skilgreint er í hafnarlögum og hafnarreglugerðum.

IMO-leiðbeiningar: Alþjóðlegar leiðbeiningar um stjórnun og meðhöndlun á kjölfestuvatni skipa til að draga úr líkum á flutningi skaðlegra lagarlífvera og meinvalda, gefnum út af Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO (*Guidelines for the Control And Management of Ships' Ballast Water to Minimize the Transfer of Harmful Aquatic Organisms and Pathogens*).

Kjölfestuáætlun: Skrifleg aðferðafræði við losun og/eða töku kjölfestuvatns. Aðferðafræðin getur falið í sér vélræna, efnislega, efnafræðilega og líffræðilega ferla sem koma í veg fyrir eða takmarka áhættu á upptöku og/eða losun framandi lífvera og annarra meinvalda.

Kjölfestudagbók: Dagbók þar sem skráð er dagsetning og landfræðileg staðsetning á upptöku og/eða losun kjölfestuvatns, rúmmál kjölfestugeymis, farmur og magn kjölfestuvatns sem vistað er.

Kjölfestuvatn: Vatn, ásamt uppleysanlegum efnum og gruggi, sem er tekið um borð í skip í því skyni að stjórna stafnhalla, hliðarhalla, djúpristu, stöðugleika skipsins eða álagi á það.

Losun: Þegar vísitandi eða af stórfelldu gáleysi er hleypt í sjóinn fljótandi eða föstum efnum sem tengjast eðlilegri starfsemi.

Mengun: Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Mengunarlögsaga Íslands: Hafsvæðið sem nær yfir innsævi að meðtalinni strönd að efstu flóðmörkum á stórstraumsflóði, landhelgi og efnahagslögsögu, landgrunn Íslands og efstu jarðlög, sbr. lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

OSPAR-leiðbeiningar: Alþjóðlegar leiðbeiningar gefnar út af skrifstofu OSPAR-samningsins um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (*Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic*), sem gilda þar til BWM-samningurinn tekur gildi.

Skip: Far af hvaða gerð sem er sem fer um hafið, þ.m.t. skíðaskip, svífskip, kafbátar, fljótandi fôr og fastir eða fljótandi pallar.

Umhverfi: Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, þ.m.t. hafsbótinn og setlög hans, vatn, þ.m.t. sjór, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.

4. gr.

Stjórn og skipan.

Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar með þeim undantekningum sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr.

Landhelgisgæsla Íslands móttækur tilkynningar um losun og annast eftirlit á hafsvæðum umhverfis Ísland, sbr. lög nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands og lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Siglingastofnun Íslands ber ábyrgð á eftirliti með búnaði skipa, sbr. lög nr. 47/2003 um eftirlit með skipum.

5. gr.

Heimildir eftirlitsaðila.

Eftirlitsaðilum er heimilt, auk annars lögbundins eftirlits, að skoða kjölfestudagbók um borð í sérhverju skipi á hafnarsvæði innan mengunarlögsögu Íslands. Leiki grunur á ólöglegri losun er eftirlitsaðila einnig heimilt að skoða kjölfestudagbók innan mengunarlögsögu Íslands. Eftirlitsaðilum er einnig heimilt að afrita færslur úr kjölfestudagbók og ber þá skipstjóra eða staðgengli hans að staðfesta með undirritun sinni að afritið sé í samræmi við kjölfestudagbókina. Ef ágreiningur um efni kjölfestudagbókar er borinn undir dómstóla skulu stjórnvöld leggja fram staðfest afrit úr kjölfestudagbók ef það liggur fyrir.

Eftirlitsaðilum er ennfremur heimilt að taka sýni af kjölfestuvatni skips.

Eftirlitsaðilar skulu gæta þess að við athugun og afritun á kjölfestudagbók verði ekki ótilhlýðileg röskun á starfsemi viðkomandi eða það valdi ónaðsynlegum útgjöldum.

6. gr.

Losun kjölfestuvatns.

Losun kjölfestuvatns er óheimil innan mengunarlögsögu Íslands.

Þrátt fyrir 1. mgr. er losun kjölfestuvatns innan mengunarlögsögu þó heimil eftir að það hefur verið meðhöndlað í samræmi við kröfur í 7. gr. reglugerðarinnar.

Jafnframt er skipstjóra hlutaðeigandi skips heimilt, ef aðstæður leyfa ekki losun kjölfestuvatns utan mengunarlögsögu vegna siglingaleiða, veðurs eða annarra aðstæðna á sjó, að losa kjölfestuvatn utan 50 sjómílna frá landi, að því tilskyldu að dýpi sé meira en 200 metrar. Skipstjóri hlutaðeigandi skips skal hafa samráð við varðstjóra í stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands áður en kjölfestuvatn er losað innan mengunarlögsögu og fá heimild til undanþágu að uppfylltum framangreindum skilyrðum.

Ekki er gerð krafa um að skip víki af leið eða tefji för að nauðsynjalousu til að uppfylla ákvæði 1., 2. eða 3. mgr.

Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. eiga ekki við um eftirfarandi óviðráðanleg ytri atvik (force majeure):

- losun kjölfestuvatns ef losunin er nauðsynleg til að tryggja öryggi skips eða áhafnar eða ef hún er framkvæmd í þeim tilgangi að bjarga lífi þeirra sem eru í sjávarháska,
- losun kjölfestuvatns sem leiðir af skemmdum á skipi eða búnaði þess, enda hafi áður og eftir að skemmdirnar urðu, allar þær varúðarráðstafanir sem með sanngirni má krefjast verið gerðar til þess að koma í veg fyrir eða draga úr losuninni.

Skipstjóri hlutaðeigandi skips ber ábyrgð á því að losun kjölfestuvatns sé í samræmi við gildandi lög og reglur, að réttur búnaður sé fyrir hendi og að áhöfn hafi verið þjálfuð til þess að framkvæmd verði fumulaus. Skipstjóra ber að tilkynna alla losun kjölfestuvatns innan mengunarlögsögu til varðstjóra í stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands.

Við losun á kjölfestuvatni skal gætt fyllsta öryggis og hafa til hliðsjónar OSPAR-leiðbeiningar og/eða IMO-leiðbeiningar þar að lútandi.

7. gr.

Meðhöndlun kjölfestuvatns.

Kjölfestuvatn skal vera meðhöndlað samkvæmt staðli D1 (útskolun) eða D2 (hreinsun) í OSPAR-leiðbeiningum og/eða BWM-samningi áður en það er losað innan mengunarlögsögu Íslands.

Með útskolun á kjölfestuvatni skal tryggð endurnýjun á að minnsta kosti 95% rúmmáls allra kjölfestutanka í notkun. Ef útskolun á sér stað með gegnumstreymi skal dæla í gegn um hvern kjölfestutank þreföldu rúmmáli hans. Við útskolun skal gætt ákvæða 6. gr.

Eftir hreinsun kjölfestuvatns skulu vera í hverjum rúmmetra minna en 10 lífvænlegar lífverur 50 míkrómetrar og stærri og í hverjum millilítra skulu vera minna en 10 lífvænlegar lífverur undir 50 míkrómetrar en stærri en 10 míkrómetrar. Ennfremur skulu eftirfarandi örverur ekki greinast umfram viðeigandi mörk:

- a) *Vibrio cholerae* O1 og O139 (eitraðar kólerubakteríur): minna en ein þyrping í hverjum 100 millilítrum ellegar minna en 1 þyrping í hverju grammi (votvikt) af dýrasvifi í sýni,
- b) *Escherichia coli* (*E.coli*): minna en 250 þyrpingar í hverjum 100 millilítrum og
- c) *Enterokokkar* (*saurkokkar*): minna en 100 þyrpingar í hverjum 1000 millilítrum.

8. gr.

Kjölfestudagbók.

Skip skulu halda kjölfestudagbók og skal hún vera aðgengileg eftirlitsaðilum. Kjölfestudagbók skal færð á samskiptamáli áhafnar á því formi sem fram kemur í fylgiskjali. Sé samskiptamál áhafnar annað en enska skal liggja fyrir þýðing yfir á íslensku eða ensku.

Í kjölfestudagbók skal skrá dagsetningu og landfræðilega staðsetningu á upptöku og/eða losun kjölfestuvatns, rúmmál kjölfestugeyma, hita og seltustig kjölfestuvatns sem og magn kjölfestuvatns sem er tekið upp eða losað.

9. gr.

Kjölfestuáætlun.

Um borð í skipum skal vera kjölfestuáætlun. Í kjölfestuáætlun skal gera grein fyrir staðsetningu og aðstöðu til að taka sýni úr kjölfestuvatni og/eða botnfalli. Í áætluninni skal kveða á um að skipverjar skuli aðstoða eftirlitsaðila við sýnatökur.

10. gr.

Taka kjölfestuvatns.

Hafnarstjórar skulu veita upplýsingar um þá staði þar sem óæskilegt er að taka kjölfestuvatn, svo sem vegna skólps og annarrar mengunar, óæskilegra lífvera, þörungablóma, uppgrafar og vegna óhentugra sjávarfalla.

Miðað skal við að taka kjölfestuvatns verði ekki í eftirfarandi tilvikum:

- a. Á stöðum þar sem óæskilegt er að taka kjölfestuvatn, sbr. 1. mgr.
- b. Í myrkri, þar sem botnlægar lífverur gætu stigið upp í vatnsmassann.
- c. Á grunnsævi, þar sem skrufa skipsins gæti ýft upp botnfall.

11. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á reglugerð þessari er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í m-lið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, og að höfðu samráði við dómsmála- og mannréttindaráðherra hvað þátt Landhelgis-

gæslu Íslands varðar og samgöngu- og sveitarstjórnarmálaráðherra hvað þátt Siglingastofnunar Íslands varðar.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 2010.

Umhverfissráðuneytinu, 1. júní 2010

Svandís Svavarsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal.

KJÖLFESTUDAGBÓK

BALLAST WATER RECORD BOOK

ALÞJÓÐASAMNINGUR UM STJÓRNUN OG MEÐHÖNDLUN Á KJÖLFESTUVATNI SKIPA OG BOTNFALLI Í ÞVÍ.

(INTERNATIONAL CONVENTION FOR THE CONTROL AND MANAGEMENT OF SHIPS' BALLAST WATER AND SEDIMENTS)

Tímabil frá / *Period From*:..... Til / *To*:

Nafn skips / *Name of Ship*:

IMO-númer / *IMO number*:

Brúttótonnata / *Gross tonnage*:

Fáni / *Flag*:

Heildarrúmmál kjölfestuvatns (í rúmmetrum) / *Total Ballast Water capacity (in cubic metres)*:
.....

Skipið er með kjölfestuáætlun.

The ship is provided with a Ballast Water Management plan

Skýringarmynd af skipi þar sem kjölfestutankar eru sýndir:

Diagram of ship indicating ballast tanks:

1. Kynning / *Introduction.*

Samkvæmt reglu B-2 í viðauka með BWM-samningnum, skal sérhver losun eða upptaka kjölfestuvatns skráð í kjölfestudagbók. Hún skal ná yfir losun á hafi úti og í þar til gerða viðtaka.

In accordance with regulation B-2 of the Annex to the International Convention for the Control and Management of Ships' Ballast Water and Sediments, a record is to be kept of each Ballast Water operation. This includes discharges at sea and to reception facilities.

2. Kjölfestuvatn og kjölfestuvatnsáætlun / *Ballast Water and Ballast Water Management.*

Kjölfestuvatn er vatn, ásamt uppleysanlegum efnum og gruggi, sem er tekið um borð í skip í því skyni að stjórna stafnhalla, hliðarhalla, djúpristu, stöðugleika skips eða álagi á það. Meðhöndlun kjölfestuvatns skal vera í samræmi við samþykktu kjölfestuáætlun og skal taka mið af IMO-leiðbeiningum.

„Ballast Water“ means water with its suspended matter taken on board a ship to control trim, list, draught, stability, or stresses of a ship. Management of Ballast Water shall be in accordance

with an approved Ballast Water Management plan and taking into account Guidelines¹ developed by the Organization.

3. Skráning í kjölfestudagbók / *Entries in the Ballast Water Record Book.*

Skráning í kjölfestudagbók skal gerð í eftirfarandi tilvikum / *Entries in the Ballast Water record book shall be made on each of the following occasions:*

- a. Þegar kjölfestuvatn er tekið um borð / *When Ballast Water is taken on board:*
 - i. Dagsetning, tími og staðsetning á höfn eða viðtaka (höfn eða lengd/breidd), dýpi ef fyrir utan höfn.
Date, time and location of port or facility of uptake (port or lat/long), depth if outside port.
 - ii. Áætlað rúmmál kjölfestuvatns í rúmmetrum.
Estimated volume of uptake in cubic metres.
 - iii. Undirskrift yfirmanns sem ber ábyrgð á framkvæmdinni.
Signature of the officer in charge of the operation.

- b. Þegar kjölfestuvatn er látið streyma eða er meðhöndlað með hliðsjón af kjölfestuáætlun / *Whenever Ballast Water is circulated or treated for Ballast Water Management purposes:*
 - i. Dagsetning og tími framkvæmdar.
Date and time of operation.
 - ii. Áætlað rúmmál streymis eða meðhöndlaðs kjölfestuvatns í rúmmetrum.
Estimated volume circulated or treated (in cubic metres).
 - iii. Hvort framkvæmd er í samræmi við kjölfestuáætlun.
Whether conducted in accordance with the Ballast Water Management plan.
 - iv. Undirskrift yfirmanns sem ber ábyrgð á framkvæmdinni.
Signature of the officer in charge of the operation.

- c. Þegar kjölfestuvatn er losað í sjó / *When Ballast Water is discharged into the sea:*
 - i. Dagsetning, tími og staðsetning á höfn eða viðtaka (höfn eða lengd/breidd).
Date, time and location of port or facility of discharge (port or lat/long).
 - ii. Áætlað rúmmál losaðs kjölfestuvatns í rúmmetrum auk rúmmáls þess sem er eftir í rúmmetrum.
Estimated volume discharged in cubic metres plus remaining volume in cubic metres.
 - iii. Hvort samþykkt kjölfestuáætlun hafi verið gerð fyrir losun.
Whether approved Ballast Water Management plan had been implemented prior to discharge.
 - iv. Undirskrift yfirmanns sem ber ábyrgð á framkvæmdinni.
Signature of the officer in charge of the operation.

- d. Þegar kjölfestuvatn er losað í þar til gerða viðtaka / *When Ballast Water is discharged to a reception facility:*

¹ Vísað er til leiðbeininganna um stjórnun og meðhöndlun á kjölfestuvatni skipa til að draga úr líkum á flutningi skaðlegra lagarlífvera og meinvalda, samþykktum af stofnuninni með ályktun A.868(20). Refer to the Guidelines for the control and management of ships' ballast water to minimize the transfer of harmful aquatic organisms and pathogens adopted by the Organization by resolution A.868(20).

- i. Dagsetning, tími og staðsetning upptöku.
Date, time, and location of uptake.
 - ii. Dagsetning, tími og staðsetning losunar.
Date, time, and location of discharge.
 - iii. Höfn eða aðstaða.
Port or facility.
 - iv. Áætlað rúmmál losaðs eða tekins kjölfestuvatns í rúmmetrum.
Estimated volume discharged or taken up, in cubic metres.
 - v. Hvort samþykkt kjölfestuáætlun hafi verið gerð fyrir losun.
Whether approved Ballast Water Management plan had been implemented prior to discharge.
 - vi. Undirskrift yfirmanns sem ber ábyrgð á framkvæmdinni.
Signature of officer in charge of the operation.
- e. Taka eða losun kjölfestuvatns fyrir slysi eða önnur óvenjuleg taka eða losun / *Accidental or other exceptional uptake or discharges of Ballast Water:*
- i. Dagsetning og tími atburðar.
Date and time of occurrence.
 - ii. Höfn eða staðsetning skips þegar atburður á sér stað.
Port or position of the ship at time of occurrence.
 - iii. Áætlað rúmmál kjölfestuvatns sem er losað.
Estimated volume of Ballast Water discharged.
 - iv. Aðstæður við töku, losun, leka eða tap, ástæða og almennar athugasemdir.
Circumstances of uptake, discharge, escape or loss, the reason therefore and general remarks.
 - v. Hvort samþykkt kjölfestuáætlun hafi verið gerð fyrir losun.
Whether approved Ballast Water Management plan had been implemented prior to discharge.
 - vi. Undirskrift yfirmanns sem ber ábyrgð á framkvæmdinni.
Signature of officer in charge of the operation.
- f. Viðbótarupplýsingar um verklag og almenn ummæli / *Additional operational procedure and general remarks.*

4. Rúmmál kjölfestuvatns / *Volume of Ballast Water.*

Rúmmál kjölfestuvatns skal vera áætlað í rúmmetrum. Kjölfestudagbók inniheldur margar tilvitnanir um áætlun rúmmáls kjölfestuvatns. Það er viðurkennt að nákvæmni við áætlun á rúmmáli kjölfestuvatns er túlkunaratriði.

The volume of Ballast Water onboard should be estimated in cubic metres. The Ballast Water record book contains many references to estimated volume of Ballast Water. It is recognized that the accuracy of estimating volumes of ballast is left to interpretation.

**SKRÁ YFIR KJÖLFESTUVATNSAÐGERÐIR /
RECORD OF BALLAST WATER OPERATIONS**

**DÆMI UM FÆRSLU Í KJÖLFESTUDAGBÓK /
SAMPLE BALLAST WATER RECORD BOOK PAGE**

Nafn skips / *Name of Ship*:.....

Einkennisnúmer eða bókstafir / *Distinctive number or letters*:.....

Dagsetning / <i>Date</i>	Atriði (númer) / <i>Item (number)</i>	Skrá yfir aðgerðir/undirskrift yfirmanna / <i>Record of operations/signature of officers in charge</i>

Undirskrift skipstjóra / *Signature of master*.....
